

| | |
|--|-----------|
| Formáli umboðsmanns barna | 2 |
| Úrtak..... | 3 |
| Aðbúnaður á vinnustað barna-í skólanum..... | 4 |
| Svarhlutfall og samsetning úrtaksins..... | 4 |
| Niðurstöður | 5 |
| Skólastofan..... | 5 |
| Frímínútur..... | 7 |
| Hreinlæti..... | 11 |
| Íþróttir..... | 13 |
| Nestis- og matarhlé..... | 15 |
| Hvað er best við að koma í skólann?..... | 16 |
| Hvað verst við að koma í skólann?..... | 16 |
| Hvernig er draumaskólinn?..... | 17 |
| Lokaorð..... | 17 |
| Að skóladegi loknum..... | 19 |
| Svarhlutfall og samsetning úrtaksins..... | 19 |
| Niðurstöður | 20 |
| Leiðin heim..... | 20 |
| Hræðsla..... | 23 |
| Hvernig verja ráðgjafarnir deginum?..... | 24 |
| Útivistarreglur..... | 25 |
| Líðan eftir skóla..... | 28 |
| Hvað er best og verst við lok skóladagsins?..... | 30 |
| Lokaorð..... | 32 |
| Niðurstöður og ábendingar. | 33 |

Formáli umboðsmanns barna

Umboðsmanni barna er ætlað að stuðla að bættum hag barna, yngri en 18 ára, og standa vörð um réttindi þeirra, hagsmuni og þarfir, sbr. l. gr. laga um umboðsmann barna, nr. 83/1994.

Til þess að ég, sem umboðsmaður barna, geti gegnt hlutverki mínu þarf ég að afla mér vitneskju um skoðanir barna og unglunga á hinum ýmsum málefnum sem þau varða. Að mínu mati er mikilvægast að heyra skoðanir og sjónarmið umbjóðenda minna, beint og milliliðalaust. Af þeim sökum hef ég m.a. heimsótt börn og unglunga víða um land, s.s. í leikskólum, grunnskólum og félagsmiðstöðvum; haldið málþing, þar sem þau hafa verið fyrirlesarar og rætt ýmiss hagsmunamál sín. Sömuleiðis hafa verið haldnar ráðstefnur á vegum embættisins, þar sem börn og unglungar hafa sest á rökstóla með fullorðna fólkinu og rætt um einelti, atvinnuþáttöku barna og unglunga, og ekki síst um rétt þeirra til virkrar þáttöku í lýðræðissamfélaginu. Netþing-unglingaþing umboðsmanns barna hafa verið haldin í tvígang þar sem margt eftirtektarvert hefur borið á góma. Þá gegnir heimasíðan www.barn.is þýðingarmiklu hlutverki en í gegnum hana geta umbjóðendur mínir komið skoðunum sínum beint á framfæri við mig, opinberan talsmann þeirra og málsvara, jafnt gagnvart opinberum aðilum og einkaaðilum.

Í lok síðasta árs ákvað ég að leita nýrra leiða til að fá fram skoðanir og sjónarmið minna ungu umbjóðenda, hinna eiginlegu sérfræðinga í málefnum barna og unglunga. Ég setti í gang tilraunaverkefnið *Ráðgjafarþekkir umboðsmanns barna* en réð sérstakan verkefnisstjóra til að hafa umsjón með verkefninu og úrvinnslu þess. Í verkefninu tóku þátt 18 þekkir í jafnmörgum skólum um allt land. Ráðgjafarnir voru samtals 322 nemendur á aldrinum 10-12 ára. Þeir hafa svarað spurningum um líðan sína, annars vegar í skólanum, og hins vegar að loknum skóladegi. Niðurstöður þessara tveggja spurningakannana birtast hér í þessari skýrslu. Niðurstöður þriðju könnunarinnar, um stress í hinu daglega lífi barna, munu birtast síðar í sumar.

Síðla árs 1992 var samningurinn um réttindi barnsins, í daglegu tali nefndur Barnasáttmálinn, fullgiltur af Íslands hálfu. Þetta felur í sér að íslensk stjórnvöld eru bundin af þjóðarétti til að fylgja ákvæðum hans, m.a. við setningu laga um málefni barna, sem og við lagaframkvæmd hér á landi. Eitt helsta markmið Barnasáttmálans er að börn fái tækifæri til að þroskast þannig að þau verði upplýstir og ábyrgir einstaklingar. Sáttmálinn viðurkennir börn sem manneskjur og innbyrðis jafningja. Hann felur í sér ótvíræða viðurkenningu á því að börn eru sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi. Börn sem myndað geta eigin skoðanir eiga rétt á að láta þær í ljós í öllum málum, sem þau varða, og stjórnvöldum ber að taka réttmætt tillit til skoðana barnanna í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Það er einlæg von mín að framkomnar skoðanir ráðgjafa minna nái eyrum þeirra, sem með valdið fara í málefnum þeirra, innan stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Reykjavík, 26. maí 2003.

Þórhildur Línadal

Úrtak.

Ráðgjafarþekkir eru 18 talsins í 18 skólum víðsvegar af landinu, eða 322 nemendur. Landinu var skipt upp í átta skólasvæði (H-svæði, V-land, V-firði, Nv-land, Na-land, Austurland, Suðurland og Suðurnes). Af hverju svæði voru valdir tveir skólar, nema af höfuðborgarsvæðinu, en þaðan völdust fjórir. Skólarnir voru valdir með tilviljunarúrtaki. Eftirtaldir skólar voru dregnir út með ofangreindri aðferð:

- ◆ Njarðvíkurskóli
- ◆ Stóru-Vogaskóli
- ◆ Vallaskóli Selfossi
- ◆ Grunnskólinn á Blönduósi
- ◆ Varmahlíðarskóli
- ◆ Dalvíkurskóli
- ◆ Síðuskóli Akureyri
- ◆ Grunnskólinn á Bakkafirði
- ◆ Grunnskólinn í Breiðdal
- ◆ Grunnskólinn í Stykkishólmi

Að auki höfðu eftirtaldir átta skólar boðið sig fram til þátttöku;

- ◆ Grunnskóli Súðavíkur
- ◆ Varmárskóli Mosfellsbæ
- ◆ Mýrarhúsaskóli Seltjarnarnesi
- ◆ Smáraskóli Kópavogi
- ◆ Fellaskóli Reykjavík
- ◆ Grunnskóli Bolungarvíkur
- ◆ Grunnskóli Borgarness
- ◆ Þykkvabæjarskóli Djúpárhreppi

Aðbúnaður á vinnustað barna-í skólanum.

Svarhlutfall og samsetning úrtaksins.

Svarhlutfallið í þessari fyrstu spurningakönnun sem lögð var fyrir *Ráðgjafarbekki umboðsmanns barna*, var 95,6%, eða 308 nemendur af 322. Kynjaskipting var mjög jöfn, stúlkur 51% og drengir 49%. Ráðgjafarbekkirnir eru samansettir af 10-12 ára nemendum á miðstigi grunnskólans, þ.e. í 5.-6. og 7. bekk. Skiptingin í bekki er eftirfarandi:

- 5. bekkur 140 nemendur eða 45%
- 6. bekkur 95 nemendur eða 31%
- 7. bekkur 73 nemendur eða 24%

Aldursskiptingin er sem sagt nokkuð jöfn, stærð 5. bekkjarins skýrist af því að í einum bekknum eru 38 nemendur.

Skólunum var ennfremur skipt upp í 3 stærðarflokka.

- Færri en 150 nemendur, 7 skólar
- 150 til 400 nemendur, 5 skólar
- fleiri en 400 nemendur, 7 skólar

Með því að skipta úrtakinu upp á þennan hátt vonumst við til að geta séð hvort viðhorf Ráðgjafarbekkjanna séu mismunandi eftir því úr hve fjölmennum skóla þau koma.

Niðurstöður

Skólastofan.

Skólastofan er aðalvinnustaður nemenda, en þar dvelja börnin mestan hluta skóladagsins. Aðspurðir svara 22,4% ráðgjafanna *neitandi* spurningunni um hvort þeim finnst þægilegt að vera í skólastofunni, þ.e. rúmlega fimmtungi þeirra líður ekki vel í skólastofunni, eða 68 af þeim 308 sem svöruðu.

Mynd 1



Það er marktækur munur á viðhorfum kynjanna, en 28,6% drengja segja óþægilegt að vera í skólastofunni, á móti 16,5% stúlkna.

Ráðgjafarnir voru spurðir um ástæður þess að þeim þætti þægilegt eða óþægilegt að vera í skólastofunni. Þeir nefna helst að þeim þyki skólastofan þægileg þegar það er hljóð og vinnufriður, en óþægileg þegar það er hávaði. Margir ráðgjafanna lýsa ánægju með kennarann sinn og samnemendur. Greinilegt er að þeim börnum sem lögð eru í einelti líður vel í skólastofunni, þar sem þeim er ekki strítt.

Strákur í 7.bekk.

Það er þægilegt að vera í skólastofunni vegna þess að þá er enginn að stríða mér.

Strákur í 5.bekk.

Út af því að ég veit að enginn færir að berja mig í skólastofunni út af því að kennarinn er þar.

Stelpan í 7.bekk

Það er oft mikil þögn, og það er þægilegt

Stelpan í 6.bekk


Skemmtilegir krakkar og kennari, hlýleg stofa og fleira skemmtilegt.

Stelpan í 7.bekk

Það er oft of mikill hávaði.

Yfirgnæfandi meirihluta ráðgjafanna finnst loftið gott eða sæmilegt þegar kennslustund hefst, eða um 92%.

Mynd 2



Sama er upp á teningnum varðandi setu við skólaborðið. Rúm 90% ráðgjafanna finnst allt í lagi, eða gott að sitja við skólaborðið, meðan um 10% þykir það óþægilegt.

Mynd 3



Drengjum þykir marktækt óþægilegra að sitja við skólaborðið en stúlkum, en 16% drengja þykir óþægilegt að sitja við borðið á móti 4% stúlkna.

Samantekt-skólastofnan


Það er athugunarefni að um fimmtungi ráðgjafanna finnst óþægilegt að vera í skólastofnunni. Aðbúnaðurinn sem slíkur, borð og stólar, loftræsting o.s.frv. virðist viðunandi, en bekkjarbragurinn virðist skapa óþægindi. Flestum þeirra sem finnst óþægilegt að vera í skólastofnunni nefna hávaða sem orsök. Vísbendingar um að

drengjum líði verr en stúlkum í skólastofunni er umhugsunarefni og þarfnast nánari athugunar.

Frímínútur

Langsamlega flestir ráðgjafanna eru á skólalóð í frímínútum, eða um 80%


Mynd 4



Eldri nemendur, þ.e. 7. bekkingar, eru meira inni í frímínútum en þeir yngri, og þeir halda sig frekar „annarsstaðar“. Af þeim sem segjast vera annarsstaðar nefna flestir að þeir fari heim. Nemendur í smærri skólum, þ.e. í skólum með færri en 150 nemendur, eru enn fremur meira inni við en nemendur í stærri skólunum, eða 16,4% á móti 4%.


Stærsti hluti ráðgjafanna er sáttur við fjölda frímínútna, eða 69%, en það sem vekur athygli er að um 30% eru það ekki.

Mynd 5




Mest er óánægjan með fjölda frímínútna hjá drengjum, en 39% þeirra telja frímínútur ekki nógu margar, en tæp 20% stúlkna eru sama sinnis.

Mynd 5




Ráðgjafar úr stærri skólunum, þ.e. skólum sem hafa fleiri en 400 nemendur, eru ósáttari við fjölda frímínútna en þeir sem koma úr fámennari skólum. Rúm 33% þeirra segja frímínútur ekki nógu margar, en um 28% ráðgjafanna í fámennustu skólunum eru þeirrar skoðunar að frímínútur séu ekki nægilega margar yfir daginn.

Mynd 6



Við vildum fá að vita hvort ráðgjöfunum finnst þeir vera of lengi í kennslustundum. Þar sem nemendur á þessum aldri eru venjulega í sömu kennslustofu í flestum fögum, dag hvern, og gera sér kannski ekki alltaf grein fyrir hvenær ný kennslustund hefst og önnur endar, fannst okkur rétt að spyrja hvernig þeim þætti tíminn milli frímínútna. Flestir ráðgjafanna telja tímann milli frímínútna vera hæfilega langan, eða um 68% aðspurðra. Það vekur óneitanlega athygli að 13% þeirra telja tímann milli frímínútna of stuttan. Ekki var marktækur munur á afstöðu eftir aldri, kyni eða stærð skóla.

Mynd 7



Flestir ráðgjafa umboðsmanns barna fara út á skólalóð í frímínútum, eins og segir hér að framan. Flest þeirra sem svöruðu spurningunni „*Hvað gerirðu í frímínútum?*” nefna að þau séu í íþróttum og leikjum, eða að spjalla við vini sína. Einstaka nemandi segist vera að stríða einhverjum í frímínútunum. Nemandur í 7. bekk nokkurra skóla fá að vera inni og segjast þá vera í billjard, borðtennis eða inni á bókasafni.

Stelpa í 7.bekk


Ég er í fótbolta, eða körfubolta eða bara að tala við vinkonur mínar.

Strákur í 5.bekk

Er í leikjum og að stríða krökkum


Mikill meirihluta ráðgjafanna er þeirrar skoðunar að skólalóðin sé öruggur staður, eða 83%.

Mynd 8




Eftir stendur að um 16% eru ekki örugg á skólalóðinni, og er það vissulega áhyggjuefni. Ef við greinum þessar niðurstöður eftir kyni, sjáum við að drengir eru mun óruggari á skólalóðinni en stúlkur.

Mynd 8



22,6% drengja segja skólalóðina óöruggan stað, á móti 6% stúlkna. Ef niðurstöðurnar eru greindar niður eftir bekkjum, sjáum við að nemendur yngri bekkja eru óöruggari en nemendur í eldri bekkjum.

Mynd 9



20% nemenda í 5.bekk segja skólalóðina óöruggan stað, á móti 12,5% nemenda í 7.bekk.

Dæmi um svör við spurningunni, *af hverju finnst þér skólalóðin ekki öruggur staður?*

Strákur í 5. bekk

Stóru krakkarnir eru alltaf að lemja mann.

Stelpa í 5. bekk

Gangaverðirnir eru alltaf inni að tala saman.

Stelpa í 6. bekk

Fjaran er svo nálægt.

Strákur í 7. bekk..

Það er mikil umferð í kring og bílastæði.

Samantekt-frímínútur


Á löngum skóladegi er nauðsynlegt fyrir börn og ungmenni að hreyfa sig og fá frískt loft. Því er ánægjulegt að sjá að langsamlega flestir fara út á skólalóð í frímínútum. Flestum nemendanna líður vel í frímínútum og gætu hugsað sér fleiri frímínútur. Því miður finnst 16% nemenda skólalóðin vera óöruggur staður, og það ber að taka alvarlega. Drengir eru óöruggari en stúlkur á skólalóðinni, og yngri börn óöruggari en eldri.

Þátttakendum gafst kostur á að skrifa af hverju þeim þætti skólalóðin ekki öruggur staður. Svörin voru einkum tvennskonar; í fyrsta lagi að við skólalóðina væru umhverfislegar hættur s.s. umferð, bilastæði og fjara. Í öðru lagi kvarta yngri nemendur yfir því að vera strítt af eldri nemendum. Ráðgjafar umboðsmanns barna telja mikilvægt að þeir fullorðnu sem eiga að vera úti að gæta þeirra, fylgist vel með. Nokkrir minnst þó á að skólalóðin sé öruggur staður vegna þess að skólaliðarnir passi að ekkert slæmt gerist. Aðrir minnst á að skólalóðin sé óöruggur staður, þar sem skólaliðarnir séu alltaf inni að tala saman, í stað þess að vera úti að fylgjast með.

Hreinlæti

Ráðgjafar umboðsmanns barna voru spurðir um hreinlæti á salernum skólans, sem og hreinlæti í búningsklefum. Það vekur athygli að rúm 37% telja hreinlæti á salernum ábótavant.


Mynd 10



Álag á salerni skólanna er mismunandi og greinilegt að stærð skóla skiptir máli í því sambandi. Aðeins 12% nemenda í fámennustu skólunum telja hreinlæti á salernum ábótavant, meðan 55% nemenda í fjölmennustu skólunum er þeirrar skoðunar.

Ráðgjafarnir voru ennfremur spurðir hvenær dagsins salernin séu óhrein. Mikill meirihluti þeirra sem afstöðu tók er þeirrar skoðunar að salernin séu annað hvort *alltaf óhrein*, eða um *hádegis*.

Mynd 11



Líklegt er að flestir noti salerni í hádegishlénu, og verði mest varir við óhreinindi á þeim tíma dags. Því má álykta sem svo að í þeim skólum þar sem hreinlæti salerna er ábótavant, er það annars vegar vegna slæmrar umgengni eða ónæggra þrifa yfir daginn, og hins vegar vegna slæms ástands.

Ráðgjafar umboðsmanns barna hafa ýmsar tillögur til úrbóta í þessum efnum, eins og sjá má hér fyrir neðan.

Strákur 5.bekk

Allir eiga að sturta niður og hætta að henda útifötum í klósettið. Allir eiga að hætta að pissa út fyrir.

Stelpan í 6.bekk

Þrifa þau oftar. Láta gangaverði gæta þess að allir gangi vel um klósettið.

Stelpan 7.bekk

Skipta fyrst um klósett og svo hreinsa þau nýju á klukkutíma fresti.

Öfugt við salernin, er almenn ánægja með hreinlæti í búningsklefum fyrir leikfimi og skólasund. Aðeins rétt um 2% svarenda í hvoru tilviki segja búningsklefana óhreina og ónotalega.

Samantekt-hreinlæti

Hreinlæti á salernum er greinilega ábótavant í mörgum stærri skólum, og ber að taka það alvarlega. Svo virðist sem þeir aðilar sem sjá um hreinlæti á salernum gætu lært


mikið af þeim sem sjá um hreinlæti í búningsklefum. Mikil ánægja virðist meðal barnanna með hreinlæti á þeim stöðum.

Íþróttir.

Uppbygging á íþróttamannvirkjum um allt land hefur greinilega skilað sér, enda telja um 90% svarenda að nóg pláss sé fyrir alla í leikfimisal og í sundlaug.


Skiptar skoðanir eru á því hvort nauðsynlegt sé að fara í sturtu eftir íþróttir. Rúm 20% ráðgjafa umboðsmanns barna telja ekki nauðsynlegt að fara í sturtu eftir leikfimi.

Mynd 12




Ekki var marktækur munur milli kynja eða aldurshópa. En það er skýr munur á vilja kynjanna þegar spurt er um tíðni leikfimitíma.

Mynd 13




Tæp 50% ráðgjafanna vilja hafa leikfimi oftari en nú er, og skoðun drengjanna er mun afdráttarlausari en stúlkanna. Um 60% drengjanna er þeirrar skoðunar að fjölga beri leikfimitímum, meðan stúlkurnar eru sáttari við stöðuna eins og hún er í dag.

Mynd 14



Skólasund er ekki alveg jafn vinsælt og leikfimi hjá ráðgjöfum umboðsmanns barna, þó vinsælt sé. Það er heldur hærra hlutfall þeirra sem gæti hugsað sér að sund væri sjaldnar en nú er.

Mynd 15



Annars er almenn ánægja með sundtímana, sem og leikfimi.

Eftirfarandi er lýsandi svar við spurningunni, *hvað finnst þér um leikfimitímana?*

Stelpa 6.bekk

Þeir geta verið strembnir, en líka skemmtilegir

Eftirfarandi er lýsandi svar við spurningunni, *hvað finnst þér um sundtímana?*

Strákur í 7.bekk

Þeir eru skemmtilegir, en það er bara frjálst einu sinni í mánuði, sem er of lítið.

Samantekt-ípróttir


Ráðgjafarnir eru almennt mjög ánægðir með ípróttir í skólanum, og vilja helst fjölga þeim tímum og hafa meira val um hvað þeir taka sér fyrir hendur í þeim.

Nestis- og matarhlé.

Langflestir ráðgjafa umboðsmanns barna koma með nesti í skólann, eða rúm 50%. Um 30% segjast kaupa mat í skólanum og einungis 0,5% segjast fara út í búð eða sjoppu.

Talsverður fjöldi, eða 17% þeirra segjast gera hvorttveggja, kaupa mat í skólanum og koma með nesti. Það er í samræmi við að 11% segjast borða bæði í skólastofunni og matsalnum. Líklega er þar um að ræða að nesti sé borðað í skólastofu og hádegisverður í matsal. Stærstur hluti ráðgjafanna, eða 62%, borðar í skólastofunni, þ.e. þar sem þeir eyða mestum hluta skóladagsins og þar sem um 22% þeirra líður illa. Það er umhugsunarvert. Þar sem flestir ráðgjafanna borða í skólastofunni og koma með sitt eigið nesti, vekur athygli að aðeins 13% þeirra geta sett nestið sitt í kælikáp. Næstflestir borða í matsal, eða 23%. Algengara er að eldri nemendur borði í matsal en þeir yngri, en 56% nemenda í 7.bekk segjast borða í matsal, á móti aðeins 12% nemenda í 5.bekk.

Mynd 16



Að nemendur fari heim og borði í hádeginu er greinilega á undanhaldi, en aðeins 1,5% svarenda segist fara heim að borða. Sem betur fer borðar enginn á ganginum, en 1,5% ráðgjafanna segist ekki borða í skólanum. Það er enn fremur áhyggjuefni að 35% þeirra segjast ekki hafa nægan tíma til að borða matinn sinn.

Samantekt-matarhlé.

Hollur og góður matur er eitt af undirstöðuatriðum vellíðunar á erilsömum degi. Á flestum vinnustöðum eru nú matstofur þar sem í boði er hollur og góður matur. Það er döpur staðreynd að volg samloka er morgun næring meginþorra ráðgjafa umboðsmanns barna. Stærstur hluti þeirra borðar í skólastofunni, þ.e. þar sem þeir

eyða mestum hluta skóladagsins og þar sem um 22% þeirra líður illa. Ef það er hlutverk grunnskólans að kenna börnunum okkar að meta menningu þjóðarinnar, verðum við að spyrja hvers konar skilaboð við erum að senda þeim varðandi matarmenningu okkar. Veitum við börnunum nægilega góða aðstöðu og nægan tíma til að njóta matarins? Erum við að kenna þeim að borða hollan og ferskan mat?

Hvað er best við að koma í skólann?

Stærstur hluti ráðgjafanna nefnir félagslega þætti sem það besta við að koma í skólann. Að hitta vini og leika sér. Sú staðreynd að yngstu nemendurnir eru fjölmennastir í úrtakinu hefur líklega einhver áhrif á svörin. Mjög margir nefna verklegar námsgreinar og íþróttir sem það besta við skólann.

Stelpa í 5.bekk

Það er gaman að vera í öðrum fögum, t.d. sundi og saumum, betra en að vera alltaf að sitja og læra.

Fræðsluhluti skólastarfsins er ennfremur vinsæll hjá ráðgjöfum umboðsmanns barna, en þó nokkur hluti svarenda segir að það besta við skóladaginn sé þegar það er hljótt og notalegt í skólastofunni og allir að læra.

Stelpa í 7.bekk

Maður lærir alltaf meira og meira, ég fæ t.d. háar einkunnir núna af því að ég fylgist svo vel með.

Hvað verst við að koma í skólann?

Mjög áberandi er að ráðgjöfum umboðsmanns barna finnst slæmt að þurfa að mæta snemma á morgnana í skammdeginu, þeir leggja til að skólastarf hefjist um níuleytið. Eins er mjög algengt að ráðgjafarnir kvarti yfir að þurfa að standa fyrir utan skólann í myrkri, og í hvaða veðri sem er.

Stelpa 7.bekk

Það er verst að þurfa að bíða eftir kennaranum fyrir utan í vondu veðri.

Strákur í 5.bekk

Maður mætir of snemma.

Hvernig er draumaskólinn?

Að lokum voru ráðgjafar umboðsmanns barna spurðir hvernig draumaskólinn þeirra væri. Ánægjulegt var að sjá að margir þeirra, helst úr litlu skólunum, segja skólann sinn vera draumaskólann sinn. Almenn t má lesa úr niðurstöðunum að draumaskólinn er ekki ósvipaður draumavinnustað flestra fullorðinna. Það er staður þar sem borin er virðing fyrir öllum, þar er vinnufriður, góðir vinnufélagar og skemmtilegt að vera.

Strákur 7.bekk

Þar sem þeir fullorðnu, t.d. gangaverðir taka mark á manni.

Stelpa í 6.bekk

Það á að vera gaman í skólanum, vinnufriður og góðir kennarar.

Strákur í 5.bekk

Eins og Hogwarts skólinn!

Lokaorð.

Ráðgjafarþekkir umboðsmanns barna hafa í þessari spurningakönnun gefið álit sitt á aðbúnaði á vinnustað sínum, skólanum. Af svörunum má sjá að ráðgjafarnir eru í góðum tengslum við umhverfi sitt, þar sem þeir gefa okkur skýrt til kynna hvað er gott, og hvað betur megi fara. Almenn t eru þeir ánægðir í skólanum, hlakka til að mæta og hitta vini sína. Verklegar námsgreinar og íþróttir eiga upp á pallborðið hjá ráðgjöfum umboðsmanns barna, og þeir vilja fá fleiri frímínútur og íþróttatíma.

Athygli vekur að niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingu um að um fimmtungi ráðgjafanna finnst óþægilegt að dvelja í skólastofunni, og virðist orsökina vera skortur á vinnufriði og hávaði. Niðurstöðurnar gefa ennfremur vísbendingar um að drengjum líði verr en stúlkum í skólastofunni, og þarfnast það nánari athugunar.

Á löngum skóladegi er nauðsynlegt fyrir börn og ungmenni að hreyfa sig og fá frískt loft. Því er ánægjulegt að sjá að flestir fara út í leiki og íþróttir, eða eru með félögum sínum á skólalóð í frímínútum. Flestum ráðgjafanna líður vel í frímínútum og gætu hugsað sér fleiri slíkar. Því miður finnst 16% ráðgjafanna skólalóðin vera óöruggur staður, og það ber að taka alvarlega. Drengir eru óöruggari en stúlkur á skólalóðinni, og yngri nemendur óöruggari en þeir eldri. Ráðgjafar umboðsmanns barna gefa okkur vísbendingar um að eftirliti sé ábótavant á skólalóðinni.

Hreinlæti á salernum er greinilega ábótavant í mörgum skólum, sérstaklega þeim fjölmennari, og ber að taka það alvarlega. Ráðgjafar umboðsmanns barna benda á ýmsar lausnir til úrbóta. Svo virðist sem þeir aðilar sem sjá um hreinlæti á salernum gætu lært eitthvað af þeim sem sjá um þrif í búningsklefum tengdum íþróttum og sundi. Mikil ánægja virðist meðal ráðgjafanna með hreinlæti á þeim stöðum.

Ráðgjafar umboðsmanns barna eru mjög ánægðir með íþróttir í skólanum, og vilja helst fjölga þeim tímum og hafa meira val um hvað þeir taka sér fyrir hendur.

Hollur og góður matur er eitt af undirstöðuatriðum vellíðunar á erilsömum degi. Á flestum vinnustöðum eru nú matstofur þar sem í boði er hollur og góður matur. Meginþorri ráðgjafa umboðsmanns barna, aftur á móti, borðar morgunesti í skólastofunni, þar sem þeir eyða mestum hluta skóladagsins og um 22% þeirra líður illa. Það er umhugsunarefni. Aðeins 13 af hundraði geta sett nestið sitt í kæliskáp, sem þýðir að volg og velkt samloka er á boðstólum hjá þeim flestum. Svör ráðgjafa umboðsmanns barna gefa vísbendingar um að mötuneyti, eða í það minnsta aðgangur að kæliskáp fyrir nesti væri til bóta.

Það besta við að koma í skólann, að mati ráðgjafa umboðsmanns barna, er að hitta vinina. Skólinn sem fræðslustofnun virðist hafa heldur minna vægi í hugum barnanna en félagslega hlið skólastarfsins.

Það versta við að koma í skólann er upphaf skóladagsins. Ráðgjöfunum finnst mjög slæmt að þurfa að mæta um kl. 8 á morgnana og jafnvel þurfa að bíða úti eftir kennaranum í hvaða veðri sem er. Ráðgjafar umboðsmanns barna leggja til að tekin verði upp sveigjanlegri stefna í þessum efnum. Stefna sem tekur mið af veðurfari og skammdeginu.

Að skóladegi loknum

Svarhlutfall og samsetning úrtaksins.

Svarhlutfall var 95,6%, eða 308 nemendur af 322, alveg eins og í könnuninni „aðbúnaður á vinnustað barna-í skólanum“. Svarendur eru samt sem áður ekki nákvæmlega þeir sömu, því kynja- og aldursskiptingin er ekki alveg sú sama. Kynjaskipting var nokkuð jöfn, stúlkur 52,1% og drengir 47,9%.

Ráðgjafarþekkirnir eru samsettir af 10-12 ára nemendum á miðstigi grunnskólans, þ.e. í 5.-6. og 7. bekk. Skiptingin í bekkni er eftirfarandi:

- 5. bekkur 142 nemendur eða 46,3%
- 6. bekkur 91 nemendur eða 29,6%
- 7. bekkur 73 nemendur eða 23,8%

Aldursskiptingin er sem sagt nokkuð jöfn, stærð 5. bekkjarins skýrist af því að í einum bekknum eru 38 nemendur.

Skólunum var ennfremur skipt upp í 3 stærðarflokka.

- Færri en 150 nemendur, 7 skólar
- 150 til 400 nemendur, 5 skólar
- fleiri en 400 nemendur, 7 skólar

Með því að skipta úrtakinu upp á þennan hátt vonumst við til að geta séð hvort viðhorf Ráðgjafarþekkjanna séu mismunandi eftir því úr hve fjölmennum skóla þeir koma.


Þar sem ekki er um tilviljunarúrtak að ræða, og stærð þess ekki nema 322 einstaklingar er ekki hægt að alhæfa út frá niðurstöðum. Hér er eingöngu um vísbendingar að ræða.

Niðurstöður

Leiðin heim.

Þegar skólabjallan glymur í lok dags ganga nemendurnir út glaðir, en þreyttir. Stærstur hluti nemenda eða 62% nefna að þeir séu glaðir þegar skóla lýkur, en 30% segjast vera þreytt. Börnunum líður því ekki ósvipað og fullorðna fólkinu að vinnudegi loknum.

Mynd 17.



Um 6% ráðgjafanna segjast vera spenntir er skóla lýkur. Ánægjulegt er að sjá að ráðgjöfunum líður flestum vel, um 2% eða 5 ráðgjafar segjast vera leiðir eða kvíðnir að skóladegi loknum. Það er lágt hlutfall, en engu að síður of hátt þegar um er að ræða börn.

Í framhaldinu spurði umboðsmaður barna ráðgjafa sína hvert þeir færu að skóladegi loknum, hvernig þeir ferðast og hvað þeir eru að hugsa á leiðinni.


Tafla 1. Hvert ferðu eftir skóla?

| | sjaldan/aldrei | oft/alltaf |
|--------------------|----------------|------------|
| strax heim | 12,1 | 87,9 |
| á íþróttæfingu | 51,5 | 48,4 |
| út með vini | 53,1 | 46,8 |
| heim til vinar | 64,2 | 35,8 |
| í tónlistarskóla | 79,1 | 20,8 |
| í listastarf | 91,1 | 9 |
| í félagsmiðstöðina | 92,5 | 7,5 |
| í trúarstarf | 93,8 | 6,3 |
| á bókasafn | 94,3 | 5,8 |
| í vinnu | 95 | 5,1 |
| í skátastarf | 95,7 | 4,3 |
| í lengda viðveru | 96,8 | 3,1 |
| í leiktækjasal | 98,6 | 1,6 |

Tafla 1, sýnir hvert ráðgjafar umboðsmanns barna fara að skóla loknum. Svörin eru flokkuð í *sjaldan eða aldrei*, og *oft eða alltaf*. Á þennan hátt sjáum við nokkuð skýra mynd af því hvað ráðgjafarnir gera að skóla loknum. Það eru fimm staðir sem ráðgjafarnir sækja einna helst. Algengast er að ráðgjafarnir fari beint heim til sín eftir skóla, sem er í samræmi við að rúm 40% þeirra nefna heimkomuna sem það besta við lok skóladagsins. Það er enn fremur algengt að ráðgjafarnir sækji vini sína heim, fari út að leika sér, eða í íþróttir. Ekki er marktækur munur milli kynja og aldurshópa, á því hvert er haldið að skóla loknum.

Athygli vekur hvað ráðgjafarnir sækja lítið í félagsmiðstöð, bókasafn og trúar- og skátastarf, er skóla lýkur. Ráðgjafarnir fara enn fremur lítið í *lengda viðveru eða skólasel* í skólanum. Líkleg ástæða þess er aldur ráðgjafanna, en þeir eru flestir orðnir of „gamlir“ fyrir lengda viðveru, eða skólasel.


Mynd 18



Ráðgjafar umboðsmanns barna ganga oftast heim eftir skóla, eða tæp 78%. Töluverður hluti þeirra, 26%, ferðast með skólabíl eða strætó, og um 24% hjóla. Tiltölulega sjaldgæft er að ráðgjafarnir séu sóttir á bíl, rúm 15%, segjast vera sótt oft eða alltaf á bíl. Eldri nemendur ganga frekar en yngri nemendur, sem er í beinu sambandi við að þeir yngri ferðast meira með skólabíl eða strætó. Nemendur í 5.bekk ganga síður heim, og ferðast meira með skólabíl. Í 5.bekkjunum er tiltölega hátt hlutfall nemenda sem býr í sveit, og þarf að ferðast til næsta þéttbýliskjarna í skóla. Það er líklegasta ástæðan fyrir þessu sambandi.

Eins og áður sagði, hafði umboðsmaður barna áhuga á að vita hvað ráðgjafarnir eru að hugsa, og velta fyrir sér á leiðinni heim úr skólanum, m.a. til að sjá hvort þeir hafi áhyggjur af einhverju ákveðnu. Mynd 3 sýnir niðurstöður við spurningunni „Hvað ertu að hugsa á leiðinni heim úr skólanum?“

Mynd 19



Skemmst er frá því að segja að ráðgjafarnir virðast ekki hafa miklar áhyggjur. Um 3% þeirra sögðust hugsa neikvæðar hugsanir á leiðinni heim, af þeim nefna flestir þeirra að þeir séu að hugsa um álit annarra á þeim sjálfum.

Stærsti hlutinn er þó að hugsa jákvæðar hugsanir, t.d. að skipuleggja daginn, hugsa um heimanámið, eða einfaldlega að láta hugann reika og láta sig dreyma.

Dæmi um svör við spurningunni „Hvað ertu að hugsa á leiðinni heim úr skólanum?“

Stelpa í 7.bekk.

„Á leiðinni heim hugsa ég um margt, heimanámið, vini mína og hvað ég eigi að gera í dag“

Strákur í 6.bekk.

Ég er að hugsa um hvort hinir krakkarnir séu að tala illa um mig

Strákur í 5.bekk.

Ég er að hugsa um hvað ég á að gera þegar ég er búin að læra.


Samantekt-leiðin heim.

Þegar bjallan glymur, halda ráðgjafar umboðsmanns barna af stað úr skólanum, glaðir en þreyttir. Þeir eru á leið heim til sín, eða vinar síns, á æfingu eða fara einfaldlega strax að leika sér. Flestir eru gangandi, en töluverður hluti þeirra þarf að ferðast með skólabíl.

Hræðsla

Umboðsmaður barna spurði ráðgjafa sína enn fremur hvort það væri eitthvað sem þeir hræddust á leiðinni heim úr skólanum. Afar jákvætt var að sjá að mikill meirihluti, eða um 90% segist ekkert hræðast á leiðinni heim. Þó eru um 10% ráðgjafanna sem segjast hræðast eitthvað, og eru svör þeirra einkum þrennskonar. Í fyrsta lagi hafa þeir áhyggjur af því að vera strítt eða skildir útundan, auk þess sem þeir hræðast umferðina og dýr (s.s. hunda) á heimleiðinni. Það er veikt, en þó marktækt samband milli þess að keyra heim með skólabíl eða strætó, og að vera hræddur við umferðina á leiðinni heim.¹ Þessi ótti endurspeglast í skriflegum svörum ráðgjafanna. Ráðgjafarnir virðast enn fremur óttast að eldri nemendur stríði þeim eða lemji þá.

Mynd 20



Dæmigerð svör við spurningunni „Ertu hrædd(ur) við eitthvað á leiðinni heim úr skólanum?“

Stelpa í 7.bekk

Nei, auðvitað ekki, þetta er svo lítill bæ.

Strákur í 5.bekk

¹ Pearson's r 26,8, marktækt með 99% vissu.

Stundum er ég hræddur í skólabílnum, ef það er vont veður og sleipt.

Stelpan í 7.bekk

Stundum er ég hrædd um að verða strítt þegar ég mæti unglíngum.

Samantekt-hræðsla

Ánægjulegt er að sjá að mikill meirihluti ráðgjafanna telur sig ekki hafa neitt að óttast á leiðinni heim. Um 7% þeirra hafa þó áhyggjur af félagslegum toga. Þeir hræðast önnur börn og unglíngja, og hafa áhyggjur af félagslegri stöðu sinni. Þetta er vandamál sem unnt er að uppræta, með samhæfðum aðgerðum heimilis og skóla. Það verður að teljast eðlilegt að ráðgjafarnir hafi áhyggjur af því að ferðast í skólabílnum í vondu veðri. Umboðsmaður barna vill beina þeim tilmælum til bílstjóra skólabíla að fara sérstaklega varlega með þennan mikilvæga „farm“, og leggja sig fram um að róa börnin þegar veður eru válynd.

Hvernig verja ráðgjafarnir deginum?

Töluverð umræða hefur verið um það í samfélaginu að börn og unglíngar verji of miklum tíma fyrir frama sjónvarp og tölvu. Umboðsmaður barna vildi því fá að vita hvað ráðgjafarnir eru að gera að skóla loknum, og spurði því hversu miklum tíma á dag þeir verja til ýmissa verka. Niðurstöðurnar voru teknar saman í töflu (Tafla 2) og raðað frá einum til 10. Númer eitt er það sem ráðgjafarnir segjast verja mestum tíma í, og númer 10 það sem þeir verja minnstum tíma. Svörin komu að vissu leyti nokkuð á óvart, þar sem ráðgjafarnir segjast verja meiri tíma við lestur blaða og bóka, en í tölvuleiki.

Tafla 2

Til hvaða verka verja ráðgjafar umboðsmanns barna mestum tíma að skóladegi loknum

| sæti | | að meðaltali á dag |
|------|---------------------------------------|--------------------|
| 1 | leika sér með vinum | 2-4 klst |
| 2 | æfa íþróttir | 1-2 klst |
| 4 | lesa bækur eða blöð | 1-2 klst |
| 3 | horfa á sjónvarp | 1-2 klst |
| 5 | spila tölvuleiki | 1 klst |
| 6 | læra heima | 1 klst |
| 7 | stunda félagsstarf | 1 klst |
| 8 | æfa sig á hljóðfæri, eða aðrar listir | minna en klst |
| 9 | hvíla sig á daginn | minna en klst |
| 10 | vera á Netinu | minna en klst |

Ráðgjafarnir segjast verja mestum hluta dagsins með vinum sínum, eða við íþróttæfingar, sem hlýtur að teljast jákvætt. Athygli vekur hvað ráðgjafarnir hafa mikið fyrir stafni, og í ljósi þess kemur ekki á óvart að rúm 50% þeirra skipuleggi daginn á leiðinni heim úr skólanum. Drengir horfa meira á sjónvarp og myndbönd en stúlkur, og þeir spila meira tölvuleiki. Að meðaltali verja drengir 1-2 klst. á dag í að spila tölvuleiki, meðan stúlkur verja innan við klukkustund. Auk þess sem drengir verja u.þ.b. 2 klst á dag við sjónvarpsáhorf, meðan stúlkurnar verja 1-2 klst.


Samantekt-hvernig verja ráðgjafarnir deginum.

Mestum tíma dagsins verja ráðgjafarnir til leikja, íþróttar, auk þess að horfa á sjónvarpið og lesa. Þeir hvíla sig lítið, og eru tiltölulega lítið á Netinu, en spila svolítið tölvuleiki. Sem sagt, heilbrigðir ungir krakkar sem hafa mikið að gera í erilsömu samfélagi.

Útivistarreglur


Útivistarreglurnar eru málefni sem brenna á börnum og unglingum, í það minnsta fær umboðsmaður barna fjölmargar fyrirspurnir á ári hverju um útivistarreglurnar. Því voru ráðgjafarnir spurðir nokkurra spurninga varðandi útivistartíma, og útivistarreglurnar. Ráðgjafarnir eru á aldrinum 10-12 ára, eins og áður segir. Því mega þeir vera úti til kl. 20.00 á veturna, samkvæmt útivistarreglunum.

Mynd 21



Meirihluti ráðgjafanna, eða 57% fer oft út eftir kvöldmat. Drengir fara mun meira út á kvöldin en stúlkur, en 66% drengja fara oft út á kvöldin, á móti tæpum 50% stúlkna. Enginn munur mældist eftir aldri, sem þýðir að allir aldurshóparnir fara álíka jafn mikið út eftir kvöldmat. En hversu lengi eru þeir úti á kvöldin?


Mynd 22



Eins og sjá má af mynd 7, fara rúm 70% ráðgjafanna ekki eftir útivistarreglunum, aðeins 27% fara inn fyrir kl. 20 eins og reglurnar gera ráð fyrir. Ekki er eingöngu við börnin að sakast í þessum efnum, því auðvitað er það foreldranna að sjá til þess að farið sé eftir reglunum.

Eldri nemendur eru lengur úti en þeir yngri, en ekki er marktækur munur milli kynja. Miðað við hve lítið ráðgjafarnir fara eftir útivistarreglunum, mætti ætla að þeir væru þeirrar skoðunar að þær séu slæmar eða ónauðsynlegar. Svo virðist ekki vera, miðað við svör við spurningunni „Hvað finnst þér um útivistarreglurnar?“.

Mynd 23



Meirihluti ráðgjafanna er sáttur við reglurnar, en 57% segja þær góðar eða í lagi, meðan 32% þeirra segja þær slæmar. Athygli vekur að 11% ráðgjafanna telja að það þurfi að endurskoða aldursskiptinguna, þannig að 12 ára séu ekki flokkaðir með 10 ára, enda sé mikill þroskamunur þar á. Eldri nemendur eru eðli málsins samkvæmt hlynntari því að endurskoða reglurnar en þeir sem yngri eru. En áberandi er að drengir eru andsnúnari reglum en stúlkur, enda eru þeir meira úti á kvöldin. 47% drengja eru sáttir við reglurnar, á móti 67% stúlkna.

Dæmi um svör við spurningunni „Hvað finnst þér um útivistarreglurnar?“

Stelpa í 5.bekk

„Mér finnst þær fínar en ég fer ekki eftir þeim af því ég bý í svo litlum bæ.“

Strákur í 6.bekk

„Þær eru ömurlegar, maður á að fá að vera út eins lengi og foreldrarnir segja“

Stelpa í 7.bekk

„Mér finnst að það ætti að leyfa 12 ára krökkum að vera lengur úti en 10 ára krökkum“

Samantekt-útivistarreglurnar


Almennt eru ráðgjafarnir sáttir við útivistarreglurnar, sem bendir til að þeir vilji hafa ákveðnar reglur um útivistartíma. Hins vegar fara þeir, eða foreldrar þeirra, ekki

mikið eftir þeim reglum sem settar hafa verið. Ráðgjafarnir leggja fram tillögur um breytingar, enda lítið gagn af reglum sem ekki er farið eftir. Svör ráðgjafa umboðsmanns barna gefa til kynna að þeir vilji sjá endurskoðun á útvistartímanum, sérstaklega hvað varðar 12 ára börnin.

Líðan eftir skóla

Umboðsmaður barna hefur áhuga á að vita hvernig börnum og ungmennum líður. Í síðustu könnun voru ráðgjafarnir spurðir um líðan þeirra innan veggja skólans. Almennt leið þeim vel í skólanum, en drengjum heldur verr en stúlkum. Nú spurði umboðsmaður barna ráðgjafana hvernig þeim líður er skóla lýkur. Spurt var um líðan á hinum ýmsu stöðum sem börn og unglingar sækja, svo sem í félags-og íþróttastarfi o.s.frv. Því miður var svarhlutfall það lágt við nokkrum spurninganna að svörin eru ekki marktæk og því ekki tekin hér með. Af 13 svarmöguleikum, voru aðeins fjórir marktækir, sem er svipað og við spurningunni um hvert ráðgjafarnir fara að skóladegi loknum (sjá töflu 1). Ánægjulegt er að sjá að ráðgjöfunum líður almennt mjög vel að skóla loknum. Yfir 96% ráðgjafanna líður vel, eða mjög vel heima hjá sér eftir skóla, og rúm 97% líður vel, eða mjög vel þegar þeir sækja vini sína heim. Rúmlega 90% ráðgjafanna líður vel, eða mjög vel þegar þeir eru úti að leik með vinum sínum. Máltækið „*maður er manns gaman*” á því við um ráðgjafa umboðsmanns barna, sem og aðra. Bókasafnið er venjulega hljóður staður, þar sem gott er að vinna. Tæpum 88% líður vel, eða mjög vel á bókasafninu, sem er í samræmi við svör ráðgjafanna úr síðustu könnun, en þar kom fram að þeim líður best í skólanum þegar það er vinnufriður og hljóð.

Mynd 24



Þrátt fyrir þessar ánægjulegu niðurstöður, stendur þó eftir að rúmum 13% ráðgjafanna líður illa, eða mjög illa á bókasafninu, og rúmum 8% líður illa, eða mjög illa við útileiki með vinum sínum. Aldur hefur skýringargildi hér, rúm 20% elstu ráðgjafanna líður illa, eða mjög illa á bókasafninu, á móti tæpum 10% yngri ráðgjafanna. Ekki er ólíklegt að upphaf gelgjuskeiðsins spili hér hlutverk. Því fylgir ákveðinn óróleiki, sem getur leitt til þess að þeim þyki aginn og kyrrðin á bókasafninu erfið og líði því ekki vel þar inni. Við því er lítið að gera, annað en að sýna biðlund.

Umboðsmanni barna þykir eftirtektarvert að ráðgjöfunum líður ekki eins vel úti með vinum sínum, og heima hjá þeim. Það gefur vísbendingar um að stríðni, og eða einelti sé algengara við leiki utandyra, þar sem eftirlit er ekki eins mikið. Aldur hefur skýringargildi í þessum efnum, en 13% ráðgjafanna í 5. bekk segist líða illa, eða mjög illa við útileiki með vinum sínum, á móti 5% hinna eldri.

Samantekt


Almennt líður ráðgjöfum umboðsmanns barna vel við iðju sína að skóla loknum. Þó eru vísbendingar um að yngri ráðgjöfunum líði ekki alltaf vel úti við með vinum sínum. Það er umhugsunarefni og krefst nánari athugunar.

Hvað er best og verst við lok skóladagsins?

Í könnuninni um aðbúnað á vinnustað barna-í skólanum, voru ráðgjafarnir spurðir hvað þeim þótti best og verst við að koma í skólann. Þar komu fram ýmis áhugaverð svör, svo sem að þeim þætti slæmt að standa úti í myrkri og kulda á morgnana. Að þessu sinni spyr umboðsmaður barna ráðgjafa sína hvað þeim þykir best og verst við lok skóladagsins.

Svarhlutfall við spurningunni „Hvað finnst þér verst við lok skóladagsins?“ var lágt, eða rúmlega 50%, sem gefur vísbendingar um að það sé ekkert sérstakt sem er slæmt við lok skóladagsins. Auk þess svara 28% ráðgjafanna að það sé ekkert slæmt við lok skóladagsins.

Mynd 25



Ef við flokkum svörin, sjáum við að ráðgjafarnir nefna helst að þeim þyki slæmt að þurfa að læra heima. Sem er að vissu leyti skiljanlegt. Fullorðna fólkið yrði líklega ekkert sérstaklega hrifið af því að taka vinnuna alltaf með sér heim.

Dæmi um svör við spurningunni „Hvað finnst þér verst við lok skóladagsins?”

Stelpa í 7.bekk

Ég veit ég þarf að fara heim og læra

Stelpa í 6.bekk

Að skemmtilegur dagur er búinn, og vinkonur mínar fara heim.

Strákur í 5.bekk

Það er eiginlega ekkert slæmt við að vera búinn í skólanum

Svarhlutfall við spurningunni „Hvað finnst þér best við lok skóladagsins?” var mun hærra, eða um 90%. Ráðgjafarnir nefna í því sambandi atriði sem eru einkennandi fyrir lok vinnudags, enda skólinn vinnustaður barnanna. Ráðgjafarnir nefna frelsið, heimkomuna, lok skólans, og félagsleg atriði eins og vini, leiki og fjölskyldu sem það besta við lok skóladagsins. Allt eru þetta atriði sem fullorðið fólk getur tekið undir sem jákvæðar hliðar þess að ljúka vinnunni.

Mynd 26



Dæmi um svör við spurningunni „Hvað finnst þér best við lok vinnudagsins?”

Strákur í 6.bekk

Bara að komast heim og hvíla sig.

Stelpa í 6.bekk

Þá er skólinn búinn, og ég get farið að leika við vinkonur mínar.

Strákur í 5.bekk

Þá er skólinn búinn og ég get gert það sem ég vil.

Samantekt-lok skóladagsins

Ráðgjafarnir virðast líta á lok skóladagsins svipuðum augum og fullorðna fólkið lítur á lok vinnudags, sem er eðlilegt, þar sem í báðum tilvikum er um að ræða vinnu. Ráðgjafarnir eru glaðir og spenntir, sjá ekkert sérstaklega neikvætt við lok dagsins, en finnst frelsið best, að geta farið að leika sér, eða komist heim að hvíla sig.

Lokaorð

Niðurstöður þessarar könnunar á því hvað ráðgjafar umboðsmanns barna gera að skóladegi loknum, eru almennt séð mjög jákvæðar, og lýsa venjulegum krökkum á Íslandi í dag. Þegar bjallan glymur, halda ráðgjafar umboðsmanns barna af stað úr skólanum, glaðir í bragði, en sumir eru þreyttir. Þeir eru á leið heim til sín, eða vinar síns, á æfingu eða fara einfaldlega strax að leika sér. Flestir eru gangandi, en töluverður hluti þeirra þarf að ferðast með skólabíl. Þeir eru öruggir á leiðinni og hræðast fátt, skipuleggja daginn í huganum, hugsa um heimanámið, eða láta sig dreyma. Mestum tíma dagsins verja þeir til leikja, íþróttar, auk þess að horfa á sjónvarpið og lesa. Þeir hvíla sig lítið, og eyða tiltölulega litlum tíma á Netinu, en spila svolítið tölvuleiki. Meirihluti ráðgjafanna fer út eftir kvöldmat á veturna, en stúlkur fara síður út. Þeim líkar ágætlega við útivistarreglurnar, en fara ekki eftir þeim. Ráðgjafar umboðsmanns barna leggja til að aldurskipting útivistarreglnanna verði endurskoðuð, enda lítið gagn af reglum sem ekki er farið eftir.

Almennt líður ráðgjöfunum vel við iðju sína að loknum skóla. Þó eru vísbendingar um að að yngri ráðgjöfunum líði ekki alltaf vel úti við með vinum sínum. Það er umhugsunarefni og krefst nánari athugunar.

Ráðgjafarnir virðast líta á lok skóladagsins svipuðum augum og fullorðna fólkið lítur á lok vinnudags, sem er eðlilegt, þar sem í báðum tilvikum er um að ræða vinnu. Ráðgjafarnir eru glaðir og spenntir, sjá ekkert sérstaklega neikvætt við lok dagsins, en finnst frelsið best, að geta farið að leika sér, eða komist heim að hvíla sig. Sem sagt, heilbrigðir ungir krakkar sem hafa nóg fyrir stafni í erilsömu samfélagi nútímans.

Róbert Ragnarsson, verkefnisstjóri.

Niðurstöður og ábendingar.

Ráðgjafarþekkir umboðsmanns barna hafa í þessum tveimur spurningakönnunum gefið álit sitt á aðbúnaði á vinnustað sínum, skólanum, og sagt frá því sem þeir aðhafast að skóladegi loknum. Börn hafa ekki kosningarétt og eru samkvæmt því ekki fullgildir þjóðfélagsþegnar, en þrátt fyrir þessa staðreynd eiga börn rétt á að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða málefni þeirra og teknar eru, m.a. af sveitarstjórn eða nefndum, sem hún hefur kosið. Af svörunum má sjá að ráðgjafarnir eru í góðum tengslum við umhverfi sitt, þar sem þeir gefa skýrt til kynna hvað er gott, og hvað betur megi fara. Þeir gefa greinargóð svör, sem undirstrika að börn eru tilbúin til að láta í ljós skoðanir sínar og taka þannig þátt í hinni lýðræðislegu umræðu. *Því vill umboðsmaður barna fyrst og fremst beina þeim tilmælum til sveitarstjórnarmanna, að þeir sjái til þess, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar samkvæmt 1. mgr. 12. gr. Barnasáttmálans, að komið verði á fót innan sveitarfélagsins formlegum vettvangi þar sem börn geta komið á framfæri sjónarmiðum sínum í hinum ýmsum málefnum er þau varða á einn eða annan hátt.*

Almennt má segja að ráðgjöfum umboðsmanns barna líði vel, bæði í skólanum og eftir að skóladegi lýkur. Ákveðnum hópi líður þó illa, og þarfnast aðstoðar. Ráðgjafarnir nefna helst hávaða og skort á vinnufriði sem orsök vanlíðunar í skólastofunni. Fullorðna fólkið getur veitt góða aðstoð ef það hlustar á börnin, og metur hvað raunverulega amar að í hverju tilviki. Því ástæðurnar geta verið margar. Sumum líður illa vegna þess að borðin og stólarnir eru ekki af réttri stærð. Það er á ábyrgð skólayfirvalda að kanna þessi mál í sínum skóla, og leita leiða til úrbóta, í samvinnu við nemendur. Öðrum líður illa af félagslegum ástæðum. Það er til að mynda brýnt rannsóknarefni að skoða hvers vegna drengjum líður verr í skólanum en stúlkur. *Umboðsmaður barna vill beina þeim tilmælum til menntamálaráðuneytis, að það beiti sér fyrir að slík rannsókn fari fram. Enda mikilvægt að greina slíkan vanda á fyrstu árum skólagöngunnar.*

Fæstir ráðgjafa umboðsmanns barna hafa aðgang að mötuneyti, eða aðstöðu til að setja nestið sitt í kæli. Ráðgjafarnir hafa líka bent á að í mörgum stærri skólum sé hreinlæti á salernum ábótavant, í sumum tilfellum virðast þau ávallt óhrein.

Ráðgjafarnir hafa ennfremur bent á, að eftirliti sé stundum ábótavant á skólalóðinni. *Umboðsmaður vill beina þeim tilmælum til skólastjórnenda, að þeir skoði þessi mál í hver sínum skóla með gagnrýnum augum, og leiti álits nemenda á því hvernig megi bæta ástandið.*

Ráðgjafarnir nefna upphaf skóladagsins, sem eitt það versta við að koma í skólann. Þeim finnst slæmt að þurfa að mæta um kl. 8 á morgnana og jafnvel þurfa að bíða úti eftir kennaranum í hvaða veðri sem er. Ráðgjafar umboðsmanns barna leggja til að tekin verði upp sveigjanlegri stefna í þessum efnum. Stefna sem tekur mið af veðurfari og skammdeginu. Rétt er að taka fram að tímasetning könnunarinnar hefur e.t.v. haft áhrif á útkomuna, en spurningin var lögð fyrir ráðgjafana í byrjun desember sl..

Ráðgjafarnir hræðast fátt á leiðinni heim úr skólanum. Þó hafa þeir, sem ferðast með skólabíl eða strætó, áhyggjur þegar þeir ferðast í slæmu veðri og hálfu. Því vill umboðsmaður barna beina þeim tilmælum til skólabílstjóra, að þeir fari sérstaklega varlega og geri sér far um að róa börnin í slæmu veðri. *Umboðsmaður barna leggur áherslu á, að öryggis barna í skólabifreiðum sé gætt í hvívetna, og ítrekar enn og aftur nauðsyn þess að settar verði samræmdar lágmarksreglur um skólaakstur.*

Ráðgjafar umboðsmanns barna eru almennt ánægðir með að hafa útivistarreglur, en fylgja þeim hins vegar ekki. Flestir þeirra fara ekki inn fyrir en kl. 21 á veturna, þótt lagareglur segi að börn í þessum aldurshópi eigi að koma inn fyrir kl. 20. Ábyrgð foreldra er mikil og þeirra er að tryggja að börnin fari eftir settum reglum. Lagareglur má og er unnt að breyta. Ráðgjafar umboðsmanns barna gera sér grein fyrir því, og 12 ára ráðgjafarnir leggja til, að aldursmörk reglnanna verði endurskoðuð.

Það jákvæða er að í heildina lýsa niðurstöðurnar ánægðu og jákvæðu ungu fólki, sem er reiðubúið að gefa álit sitt og láta í ljós skoðanir sínar. Það er hins vegar á ábyrgð fullorðna fólksins, að leita eftir áliti barna og unglunga, í stað þess að láta þessa auðlind, þekkingu barna og unglunga á eigin málum, vera ónýtt.